

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1996

31. júlí 1996

1129

Nr. 430

REGLUGERÐ

um tímabundin skil á greiðslum úr fódursjóði.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst 1996 falla niður greiðslur úr fódursjóði til framleiðenda eftir afurðamagni.

2. gr.

Greiða skal innflytjendum fódurs vegna birgða 1. ágúst 1996, þannig að eftirstöðvar fódurtolls verði sem hér segir:

1. Fyrir innflutt hráefni eða fullunnið fóður til loðýraræktar eða fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að fullu hafi greiðsla ekki áður farið fram.
2. Fyrir innflutt hráefni til fódurgerðar, annarrar en fiskeldis og loðýraræktarfóðurs, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að frádregnum kr. 0,80 á kg innfluttrar vöru.
3. Fyrir innfluttar fódurblöndur til annars en loðýraræktar og fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að frádregnum kr. 7,80 á kg innfluttrar vöru.

3. gr.

Umsókn um greiðslur úr fódursjóði vegna birgða fódurs og fódurefnis 1. ágúst 1996 hjá fódurinnflytjendum, skal hafa að geyma upplýsingar um álagða tolla, magn hráefnis í innlendum fódurblöndum og hversu hárrar greiðslu er óskað. Umsóknin skal studd eftirfarandi gögnum:

1. Sundurliðari skýrslu um birgðir fódurs og hráefna til fódurgerðar þann 1. ágúst 1996, staðfestri af til þess bærum aðilum.
2. Staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu sé varan ætluð til loðýraræktar eða fiskeldis.
3. Staðfestingu aðfangaeftirlits um að varan sé ætluð til loðýraræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.
4. Yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðýrræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar Framleiðsluráði sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til greiðslu fódurtolls, verði skuldajafnað með greiðslu úr fódursjóði til lúknings greiðslu skv. skuldaviðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lýkur uppgjöri greiðslna og innheimtu útistandandi krafna fódursjóðs. Að lokinni endurskoðun á þessu uppgjöri skulu eftirstöðvar í fódursjóði þann 1. ágúst 1996 greiddar Framleiðnisjóði landbúnaðarins, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra um þessa ráðstöfun sjóðsins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa ásamt rg. nr. 496/1992 og nr. 682/1995 um breytingar á henni og reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína ásamt reglugerð nr. 497/1990, nr. 288/1993, nr. 677/1994, nr. 702/1995 og nr. 191/1996 um breytingar á henni.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur úr fódursjóði.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra greiðir innflytjendum fódurs og hráefnis í fóður, sem fellur undir tollkafla 10, 11, 12, 17 og 23, fé úr fódursjóði sem starfar skv. lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Greiðslan skal vera mishá eftir því hvort um er að ræða hráefni til fóðurgerðar eða fódurblöndur. Greiðsla úr fódursjóði skal vera eftirfarandi:

1. Fyrir hráefni eða fullunnið fóður til loðýraræktar eða fiskeldis, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.